

Alþingi
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Skagafjörður, 25. maí 2023
nr. erindis 2305142 KJ

Á 49. fundi byggðarráðs sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 24. maí 2023 var tekið fyrir neðangreint erindi.

Umsagnarbeiðni; frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum

Svofelld bókun var gerð:

Lagður fram tölvupóstur dagsettur 17. maí 2023 frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis. Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á kosningalögum, nr. 112/2021 (lækkun kosningaaldurs), 497. mál. Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 26. maí nk.

Ál-hildur Leifsdóttir leggur fram svohljóðandi bókun:

Að lækka kosningaaldur eins og víða hefur þegar verið gert í nágrenni okkar skiptir miklu máli fyrir samfélagið. Lækkun kosningaaldurs kemur til með að styðja við lýðræðisþátttöku ungs fólks og auka tækifæri þess til að hafa áhrif á nærsamfélagið sem virkir og ábyrgir þátttakendur, en þátttaka ungs fólks í kosningum til löggjafarþings og sveitarstjórna hefur verið dræm. Ungt fólk hefur sýnt með mjög afgerandi hætti að það getur verið drifkraftur breytinga, t.d. með #meetoo og #freethenipple byltingum sem knúðu fram samfélagsbreytingar með öflugri og hraðari hætti en þeir sem eldri eru hafa náð fram. Fólk á aldrinum 16 - 17 ára á að fá tækifæri til að bæta samfélagið sem þau munu erfa með því öfluga verkfæri sem kosningarétturinn er.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. byggðarráðs Skagafjarðar


Kristín Jónsdóttir
skjalastjóri